



Ársfundir byggðasamlaganna

Ár 2022, föstudaginn 18. nóvember, voru haldnir ársfundir byggðasamlaganna í Félagsgarði, Kjósarhreppi, og hófust þeir kl. 12:45.

1. Strætó bs.

Magnús Örn Guðmundsson stjórnarformaður Strætó bs. fór yfir stöðuna og horfur hjá félaginu.

Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs. fór yfir reksturinn og kynnti nýu mánaða uppgjör félagsins. Jóhannes kynnti einnig tímalínu fyrirhugaðs nýs leiðanets og innleiðingu þess ásamt innleiðingu tæknilausna sem ætlað er að bæta umhverfisvitund farþega.

Guðmundur Ari Sigurjónsson bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi, Alexandra Briem borgarfulltrúi í Reykjavík, Kjartan Magnússon borgarfulltrúi í Reykjavík, Þorkell Sigurlaugsson borgarfulltrúi í Reykjavík, Heiða Björg Hilmisdóttir borgarfulltrúi í Reykjavík, Lovísa Jónsdóttir bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, Helgi Áss Grétarsson borgarfulltrúi í Reykjavík, Sanna Magdalena Mörtudóttir borgarfulltrúi í Reykjavík og Skúli Helgason borgarfulltrúi í Reykjavík tóku til máls undir þessum lið.

2. Sorpa bs.

Valdimar Víðisson stjórnarformaður Sorpu bs. fór yfir áherslumál félagsins í tengslum við innleiðingu stefnumótunar umhverfisráðherra og laga nr. 103/2021 um hringrásarhagkerfið og lagði áherslu á samstarf allra hlutaðeigandi við innleiðinguna.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sorpu bs. fór yfir forsendur svæðisáætlunar 2023-2027 og forsendur fjárhagsáætlunar Sorpu bs. 2023. Jón Viggó kynnti einnig lykiltölur í umhverfisáhrifum Sorpu bs.

Hjördís Johnson bæjarfulltrúi í Kópavogi, Kjartan Magnússon borgarfulltrúi í Reykjavík, Árelía Eydís Guðmundsdóttir borgarfulltrúi í Reykjavík, Alexandra Briem borgarfulltrúi í Reykjavík og Lovísa Jónsdóttir bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ tóku til máls undir þessum lið.

3. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Birgir Finnsson starfandi slökkviliðsstjóri og starfandi framkvæmdastjóri almannavarna á höfuðborgarsvæðinu fór yfir starfsemi slökkviliðsins á tímum Covid-19 og afleiðingar faraldursins á andlega og líkamlega heilsu starfsmanna. Birgir fór einnig m.a. yfir fjárhagsáætlun 2023 sem gerir ráð fyrir að rekstur slökkviliðsins verði með naumindum réttu megin við núllið. Birgir lýsti ánægju sinni með nýjan samning um sjúkraflutninga sem var undirritaður í apríl 2020 og gildir í 5 ár.



Birgir lagði áherslu á að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu væru samstíga í aðgerðum í almannavörnum. Einnig kom hann inn á gerð hættumats vegna eldfjallavár og næstu skref hjá vinnuhópnum sem stofnaður hefur verið til að vinna að því verkefni.

Björn Gíslason borgarfulltrúi í Reykjavík og Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi í Reykjavík tóku til máls undir þessum lið.

Fundi lauk kl. 14:20

Þorbjörg Gísladóttir fundarritari